



Selfossi 12.nóvember 2018

Fundargerð stjórnar

3. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn mánudaginn 12. nóvember 2018, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Arna Ýr Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Staða fjárhagsáætlunar 2018

Pétur fór yfir stöðu fjárhagsáætlunar þann 30.september vegna ársins 2018. Umræður um einstaka liði. Miklar umræður um launaliðinn sem gæti farið yfir í lok árs. Stórt útkall 31.okt var mjög kostnaðarsamt launalega séð og gæti haft áhrif á niðurstöðu ársins. Ef launaliðurinn fer fram yfir verður því mætt með öðrum liðum.

Sálfræðikostnaður hefur líka aukist mjög mikið en nýr samningur Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna sálfræðikostnaðar mun dekkja þann kostnað.

2. Fjárhagsáætlun 2019

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 uppfærð miðað við samþykki Héraðsnefndar. Umræða um ráðningu á tveimur dagvinnumönnum í útkallseininguna og möguleika hvernig þeir passa inn í módelið sem gert var miðað við fjóra menn.

“Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 var gert ráð fyrir ráðningu 4 slökkviliðsmanna í dagvinnustarf. Nú þegar eru 3 varðstjórar í fullu starfi há Brunavörnum Árnæssýslu auk annarra manna sem vinna önnur störf. Í áætluninni er gert ráð fyrir að hægt sé að leysa 3 af stöðugildum sem fyrirskrifuð eru í reglugerðinni með starfsmönnum sem þegar eru í vinnu hjá BÁ og komi því eingöngu til ráðningar 4 manna. Á fundi Héraðsnefndar 22. október 2018 var sú ákvörðun tekin að lækka fjárhagsáætlunina um 20 milljónir vegna ársins 2019. Þetta veldur því að ráðnir verða tveir starfsmenn í dagvinnuútkallslið árið 2019 í stað 4 eins og lagt var til”.

3. Kirkjuvegur 18

Pétur fór yfir útkallið við Kirkjuveg 18 í máli og myndum. Umræður um vinnu á vettvangi og álagið á slökkviliðsmennina í útkalli sem þessu. Mikil fjölmiðlaumfjöllun var í kjölfar útkallsins og voru stjórnarmenn sammála að Pétur hefði staðið sig vel í viðtölum.

4. Önnur mál

a. Næsti fundur verður haldinn 25.janúar 2019 kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundir slitið kl. 9.50

Gísli H. Jónsson

Ólafur D. Jónsson

Árni W. Gunnarsson

Hauddörn Hjörleifur

Pjetur Pétursson
Umboðsmaður